

Two young women are captured in a joyful moment, jumping in the air. The woman on the left has long blonde hair and is wearing a dark blue dress with a small white floral pattern and white sneakers. The woman on the right has brown hair and is wearing a light-colored dress with a pink and red floral pattern and white sneakers. Both are holding rolled-up white diplomas in their raised right hands. They are holding hands with their left hands. The background is a plain, light-colored wall with a dark floor. Large, semi-transparent geometric shapes in shades of blue and grey are overlaid on the background.

Ársskýrsla Siðmenntar



Siðmennt

2021



© Siðmennt, félag siðrænna
húmanista á Íslandi
Skiopholti 50c
105 Reykjavík

533-5550
sidmennt.is

Ábyrgð: Siggeir Fannar Ævarsson.
Ljósmyndir: Hari, Julie Rowland, Heiðdís & Styrmir,
Sigurður Rúnarsson, Joan Costa, Ásta Guðrún
Óskarsdóttir, Matt Hardy, Inga Auðbjörg K. Straumland
og fleiri.
Umbrot: Inga Auðbjörg K. Straumland

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Ávarp framkvæmdastjóra	6
Innra starf	8
Athafnaþjónusta	11
Borgaraleg ferming	14
Alþjóðastarf og viðburðir	19
Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi	24
Fjármál og ársreikningar	27



Eins fyrir öll

Ávarp formanns

Inga Auðbjörg K. Straumland formaður Siðmenntar

Trúarbrögð eru í hugum margra menningarbundin; siðir og venjur sem hafa þann tilgang að skapa liðsheild innan lítilla samfélaga, en jafnframt mynda tengingu fólks á milli, þvert á hópa. Og það verður auðvitað ekki af því skafið að trúfélög, sóknir og trúarhópar hafa verið mörgu fólki samfélag og samastaður. Það er öllu fólki mikilvægt að tilheyra - að finna sér hópa þar sem fólk deilir sömu gildum, viðhorfum eða jafnvel bara áhugamálum. Það er því ekki undarlegt að þetta sé einmitt það hlutverk sem Þjóðkirkjan hefur tekið að sér í áranna rás í dreifðum byggðum þessa litla skers sem við köllum heimili okkar. Yfirvöld hafa einnig séð mikilvægi þess að rækta samfélög og í sögulegu samhengi hafa kirkjur fengið þetta hlutverk og hlotið stuðning til þess. Það er því skiljanlegt að í hugum margra sé kirkjan samofin sögu og menningu þjóðar, mótað gildin og verið einhvers konar hryggjarstykki í félagslegri þjónustu í byggðum þar sem aðgengi að annarri félagsþjónustu er takmarkað.

En samfélagið hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum. Einsleitnin er minni en áður. Uppruni þegna þessa lands er fjölbreyttari en hann var fyrir hundrað árum og þó jaðarsettir hópar séu sannarlega ennþá jaðarsettir, þá höfum við komist nær því að horfast í augu við að fjölbreytileikinn sé óumflýjanleg staðreynd sem við eigum að horfa á sem styrkleika, í stað þess að óttast hið óþekhta.

Og eftir því sem þjóðin vex og samfélögin verða fjölbreyttari, verða félagsþarfirnar ólíkari innbyrðis. One size fits all, eins og stendur inni í sokkabuxum, hættir að duga. Og kannski, líkt og í tilfalli sokkabuxnanna, þá passaði kannski ein stærð aldrei öllum massanum í raunveruleikanum, en jaðartilfellin álitin nógu fá eða ómerkileg til að þarfnast sérstakra viðbragða.

Það finnst húmanistar um allt land. Við sjáum það til að mynda á aðsókn í borgaralega fermingu, en þeim unglingum sem vilja fermast borgaralegra fjölgar ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu, heldur einnig í hinum ýmsu byggðum um allt land. Árið 2021 fóru fermingarathafnir ekki aðeins fram í Reykjavík, heldur einnig á Ísafirði, Húsavík, Akureyri, Fáskrúðsfirði, Selfossi, Akranesi, í Reykjanesbæ og Garðinum. Útlit er fyrir að þessum stöðum fjölgi á árinu 2022 og ljóst að þar sem áður var mikil félagsleg pressa á að fermast kristilega með árgangnum sínum, er nú meira frelsi fyrir ungmenni til að velja annan valkost. Því það er einmitt kjarninn í því að tilheyra; að deila gildum með hópnum, hljóta samþykki og fá að vera þú sjálf. Það er því gleðiefni að fleiri og fleiri finni sig tilheyra samfélagi húmanista um allt land.

En framfarir verða ekki af sjálfu sér og við sem félag getum gert miklu betur í að styðja við húmaníska starfsemi á landsbyggðinni. Ef við viljum skapa raunverulegan valkost í huga allra íbúa landsins, þá þurfum við að hafa frumkvæði og jöfnuð að leiðarljósi. Þess vegna innleiddum við á árinu 2021 sérstaka aðgengisstefnu, sem auk þess að greiða aðgengi fatlaðra og þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli að starfi Siðmenntar, skapar meira jafnræði fyrir húmanista um allt land, vilji þeir taka þátt eða óska eftir þjónustu. Í því skyni hefur félagið ákveðið að niðurgreiða ferðakostnað landsbyggðarfulltrúa á aðalfund eftir óskum og jafnframt

að niðurgreiða að fullu ferðakostnað við athafnir félaga í þeirra heimabyggð. Það á ekki að vera tilviljunum háð hvort ferðakostnaður sé enginn eða himinhár, byggt á búsetu athafnarstjóra. Þá voru ákvæði um búsetu í mati á umsækjendum fyrir athafnastjóraþjálfun vorið 2022, til að þetta netið betur.

“

Við þurfum að vinna markvisst gegn því að vera of Reykjavíkurmiðuð og halda áfram að skapa vettvang fyrir húmaníska starfsemi um allt land.

”

En stefnur og reglur eru ekki nóg. Það þarf líka sýnileika og hvatningu. Með það að markmiði að styðja við athafnastjórana okkar úti á landi, vera sýnileg í samfélögum utan Reykjavíkur og móta áfram fermingarathafnirnar okkar, fóru fulltrúar úr stjórn í vísitásiur á vordögum. Stjórnarfolk og starfsfolk heimsótti þannig Ísafjörð, Akureyri og Húsavík og Austurland, ásamt því að taka þátt í fermingarathöfnum á stöðum nálægt Reykjavík. Boðið var upp á barsvar með húmanísku ívafi og fulltrúar félagsins aðstoðuðu við fermingarathöfn hvers svæðis. Barsvörin voru almennt vel sótt og mældust vel fyrir.

Björninn er þó ekki unninn. Við þurfum að vinna markvisst gegn því að vera of Reykjavíkurmiðuð og halda áfram að skapa vettvang fyrir húmaníska starfsemi um allt land. Þetta er viðamikil verk og vonandi eitthvað sem félagið mun halda á lofti á komandi árum og áratugum.

Samfélagið þarf nefnilega ekki bara svartar aðhaldssokkabuxur í meðalstærð, heldur litríkar flíkur fyrir alls konar fólk, af alls konar stærð og gerð, í öllum landshornum, af alls konar uppruna. Konur, karla og kvár, kristin og íslömsk, hindúa og húmanista. Þéttriðið net sókna Þjóðkirkjunnar getur aldrei þjónað öllum. Það er mikilvægt að hafa val.

Jóna Strömmland

Siggeir F. Ævarsson
framkvæmdastjóri



Meðbyr á tímum heimsfaraldurs Ávarp framkvæmdastjóra

Ég byrjaði að hugsa um þennan pistil og hvað ég ætti að skrifa í lok janúar. Þá ákvað ég að skrifa hann eins og covid hefði bara aldrei átt sér stað. Ég var þá kominn með meira en nóg af áhrifum covid 19 á líf mitt og störf, þá sérstaklega áhrifin á borgaralegar fermingar. Í nóvember þurftum við að fresta vinnuhelgi með leiðbeinendum og í janúar þurfti að fresta allri staðkennslu. Þetta var orðið verulega þreytandi ástand. Endalaus óvissa og aldrei hægt að skipuleggja nokkurn hlut með neinni vissu fram í tímann. Við fórum inn í enn eitt lokunartímabilið, en svo birti til. Var covid loksins að komast í baksýnispegilinn? Óvissan var svo sem ennþá til staðar en ég ákvað að vera ekki að hjakka áfram í sömu gömlu hjólförunum. Fortíðin að baki, feisaðu fram á við og allt það. Þessi pistill yrði sko innblásinn af bjartsýni og eintómri gleði!

Svo fékk ég covid. „Veiran skæða náði mér“ eins og gárungarnir segja. Maður heyrir suma tala um að þeir vilji helst bara smitast. Ljúka þessu af. Ég mæli alls ekki með því. Þetta voru 14 mjög leiðinlegir dagar. En ekki nóg með það að ég fengi covid heldur hefur hver á fætur öðrum úr framvarðasveit Siðmenntar nælt sér í covid síðustu vikur. Áfram heldur covid því að vera mikill örlagavaldur í okkar starfi og riðlar hlutum út og suður. Eins og t.d. útgáfunni á þessari ársskýrslu, ársreikningagerð og öllu hinu brasinu sem fylgir aðalfundi hvers árs.

Mig langar rosalega að trúá því að þetta ástand sé loksins allt saman að baki. Og þrátt fyrir enn eitt árið þar sem heimsfaraldur umvefur allt sem við gerum, þá er nú nokkuð viðburðaríkt ár að baki þrátt fyrir allar þessar endalausur truflanir. Félagið okkar stækkar og stækkar. Ég segi gjarnan að ég finni fyrir miklum meðbyr í garð Siðmenntar, og það eru engar ýkjur. Frá því að ég fór að halda utan um hversu margir velja að láta sóknargjöldin sín renna til Siðmenntar hefur sú tala rokið upp um rúm 70%. Það er ótrúleg stækkun á ekki lengri tíma en raun ber vitni. Ég held að fólk gleymi stundum að það er afskaplega stutt síðan Siðmennt fékk opinbera viðurkenningu sem lífsskoðunarfélag, eða árið 2013.

2021 náði athafnaþjónustan okkar sér aftur á strik og er aftur kominn í sama takt og fyrir heimsfaraldur. Sérstaða athafnaþjónustunnar er persónuleg nálgun, sem útheimtir mikinn tíma og vinnu, bæði á skrifstofu Siðmenntar og hjá athafnastjórnunum. Það fer raunar svo

mikill tími í að sinna henni að við ákváðum á dögum að auglýsa eftir þriðja starfsmanni Siðmenntar, verkefnastjóra athafnaþjónustu. Hlutirnir hafa gerst nokkuð hratt hjá Siðmennt síðustu ár, en þegar þessi nýi starfsmaður bætist í hópinn hefur stöðugildum á skrifstofunni fjölgað um 200% frá 2019, og ekki vanþörf á. Fjöldi fermingarbarna hefur rúmlega tvöfaldast síðan 2016, og stefnir í að þau verði um 700 talsins í ár. Það er vöxtur og meðbyr á öllum vígstöðvum, og við þurfum að halda vel á spöðunum ef við viljum halda áfram á sömu braut.

Við finnum líka fyrir því að Siðmennt er orðið alvöru númer í umræðunni. Þegar okkar fólk skrifar í blöðin eða talar í fjölmiðlum þá dugar Ríkiskirkjunni ekkert minna en breiðustu spjótin til að taka á móti. Bæði ég og formaður höfum átt nokkrar „rimmur“ við biskupsritara í fjölmiðlum nýlega og ég trúi því staðfastlega að allur þrýstingurinn frá Siðmennt um veraldlegra samfélag síðustu ár sé hægt og bítandi að skila árangri.

Margt hefur vissulega áunnist í þessum málaflokki. En þrátt fyrir þessa miklu stækkun félagsins okkar síðustu ár og þennan mikla meðbyr sem við finnum fyrir þá er forréttindastaða Ríkiskirkjunnar ennþá sterk. Þegar það átti að lækka sóknargjöldin fyrir árið 2022 mótmælti kirkjan og var lækkunin dreg til baka um leið. Ríkiskirkjan nýtur ennþá milljarða forgjafar frá hinu opinbera á hverju ári, fær að leika svo til lausum hala í dagskrárgerð Ríkisútvarpsins, messar yfir þingmönnum við þingsetningu og svo mætti lengi telja.

Við þurfum því að halda áfram að hafa hátt og halda málstað húmanista á lofti. Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi er sannkallað langhlaup og er rétt að byrja. Verkefnin eru ærin og af nógu að taka. Það er búið að vera mér sönn ánægja að taka þátt í þessari baráttu með Siðmenntarfélagum síðustu ár og ég hlakka til framhaldsins, vonandi laus úr viðjum heimsfaraldurs.



Innra starf



Starfsfólk

Fyrir utan fasta starfsmenn á skrifstofu starfar töluverður fjöldi verktaka fyrir félagið, sem athafnastjóra og leiðbeinendur við fermingarfræðslu, eða um 70 einstaklingar alls.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri Siðmenntar er Siggeir Fannar Ævarsson. Framkvæmdastjóri stýrir daglegu starfi félagsins, fer með mannauðsmál og rekstur, svarar fyrirspurnum og sér um að framfylgja samþykktum stjórnar. Siggeir hóf störf haustið 2018.



Verkefnastjóri borgaralegra ferminga

Verkefnastjóri borgaralegra ferminga er Heiðrún Arna Friðriksdóttir. Heiðrún sinnir umsýslu vegna fermingarfræðslu og athafna, á í samskiptum við fermingarráð, foreldra og leiðbeinendur og sinnir upplýsingagjöf varðandi fermingar. Heiðrún hóf störf árið 2019.



Tímabundið starf: Ritfær húmanisti

Siðmennt sá sér leik á borði þegar átaksverkefni Vinnuálastofnunar Hefjum störf var sett á laggirnar á árinu og auglýsti eftir ritfærum húmanista til starfa. Margar góðar umsóknir bárust en að lokum var það Eydís Blöndal sem var ráðin til starfa fyrir félagið tímabundið í 6 mánuði, en hún lauk störfum þann 30. nóvember. Helstu verkefni Eydísar í þessu tímabundna starfi var yfirferð á texta á vef félagsins, mótun námsskrár fermingarfræðslu, afleysingar á skrifstofu og önnur tilfallandi verkefni.



Tímabundið starf: Verkefnastjóri athafnaþjálfunar

Í árslok var tímabundinn verkefnastjóri í hálfu starfi til fjögurra mánaða, við það að endurskoða fyrirkomulag nýliðaþjálfunar félagsins og stýra þjálfun nýrra athafnastjóra. Inga Auðbjörg K. Straumland var ráðin til starfsins, en hún er einn af reyndustu athafnastjórum félagsins, auk þess að vera formaður og hafa starfað með athafnaráði frá stofnun þess.

Skrifstofurekstur

Félagið hefur frá hausti 2019 leigt skrifstofurými af AFS-samtökunum í Skipholti 50c, ásamt því að hafa aðgang að fundarými, litlum sal og eldhúsaðstöðu. AFS-samtökin eru skiptinemasamtök fyrir ungt fólk og mikill akkur í því að deila vinnustað með víðsýnum félagasamtökum sem samræmast að miklu leyti gildum húmanisma.

Stjórn Siðmenntar

Stjórn Siðmenntar fer með æðsta vald félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og fundaði 12 sinnum á formlegum fundum árið 2021. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vef félagsins. Formaður stjórnar og þar með Siðmenntar er Inga Auðbjörg K. Straumland.

2020-2021

Aðalstjórn

Inga Auðbjörg K. Straumland
Sveinn Atli Gunnarsson
Karen Edda Benediktsdóttir
Kristín Sævarsdóttir
Margrét Pétursdóttir

Varafulltrúar

Árný Björnsdóttir
Stefán Rafn Sigurbjörnsson
Mörður Árnason
Hope Knútsson

2021-2022

Aðalstjórn

Inga Auðbjörg K. Straumland
Sveinn Atli Gunnarsson
Kristín Sævarsdóttir
Sigurður Rúnarsson
Árný Björnsdóttir

Varafulltrúar

Kristín Helga Schiöth
Hope Knútsson
Mörður Árnason
Stefán Rafn Sigurbjörnsson

Ráð og nefndir

Athafnaráð

Hlutverk athafnaráðs er að móta athafnaþjónustu félagsins, meta þörf á þjálfun og stuðla að auknum gæðum.


Athafnaráð 2020-2021

Arnar Snæberg Jónsson
Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson
Tinna Jóhannsdóttir

Aðalfundur

Aðalfundur Siðmenntar 2021 var haldinn miðvikudaginn 17. mars kl. 19:30 í fjarfundi.

Þróun félagafjölda frá 2014



Myndin sýnir fjölda félaga árin 2014–2020. Félagið hefur vaxið mjög ört síðan það fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag.

Fjöldi félaga

Skráðir félagar í Siðmennt í Þjóðskrá voru 4.039 í lok árs 2020. Árið 2021 bættust rúmlega 600 félagar í hópinn og voru skráðir félagar í Þjóðskrá 4.618 þegar árið var gert upp fyrir sóknargjöld ársins 2022. Er það rúmlega 14% fjölgun á árinu og er Siðmennt sem fyrr í mestri sókn stóru lífsskoðunarfélaganna.

Frá því að félagið fékk opinberlega skráningu sem lífsskoðunarfélag vorið 2013 hefur fjöldi félaga rúmlega fimmtánfaldast, en félagar voru um 300 talsins við lögformlega skráningu félagsins.

*Hamingjusamt þar gengur í hjónaband
á heitasta stað landsins. Árni Grétar
Jóhannsson stýrir athöfn.*

*Ljósmyndarar: Styrmir og Heiðdís.
Skipuleggjendur: Pink Iceland.*

A photograph of three men in formal attire standing in a volcanic landscape. The man on the left is bald and wearing a dark suit with a red boutonniere. The man in the center has a beard and is wearing a black coat, holding an open book or notebook. The man on the right has long hair and is wearing a grey plaid suit with a boutonniere. They are standing on a rocky, snow-dusted ground. In the background, a large, dark volcanic flow is visible, with bright orange and red lava glowing from several points along its length. The sky is a pale, overcast blue. A large, semi-transparent dark grey circle is overlaid on the image, partially obscuring the men and the lava flow.

Athafnarpjónusta

Í athöfnum Siðmenntar eru það fólkíð sem stendur á tímamótum sem er sett í fókus. Hér sést Katrín Oddsdóttir, athafnastjóri, gefa saman hamingjusamar brúðir.



Athafna- þjónusta

Athafnafjöldi

Þrátt fyrir áskoranir heimsfaraldurs virtist eftirspurn eftir athöfnum ná sér nokkuð á strik árið 2021, miðað við 2020 þar sem algjört hrun varð. Árið 2021 er því mjög svipað árinu 2019 í athafnafjölda.

Til að efla tengsl athafnarstjóra í heimsfaraldrinum stóð Siðmennt fyrir fjarbarsvari fyrir athafnarstjóra. Spurningahöfundur og stjórnandi var Margrét Erla Maack, en hún starfaði sem verkefnastjóri fyrir félagið í afleysingum á árinu.

Fjölgun athafnastjóra

Eftirspurn og þörf á fleiri athafnastjórum var metin af athafnaráði og var ákveðið að auglýsa eftir umsækjendum. Þjálfun fer fram vorið 2022 og var sérstök áhersla lögð á að fjölga athafnastjórum á landsbyggðinni.

Tengslanet athafnastjóra

Mikil orka fór í að takast á við heimsfaraldur, sem hafði talsverð áhrif á störf félagsins og sérstaklega athafnaþjónustuna. Á árinu var ekki haldinn sérstakur fundur athafnastjóra, en þess í staðið boðið upp á skyndihjálparnámskeið og jólahitting á fjarfundi. Nýnnleidd virkniviðmið virðast þó hafa skilað þeim árangri að Siðmenntar-sjálfsmynd athafnastjóra sé sterkari og athafnastjórum gekk almennt vel að uppfylla kröfurnar, þrátt fyrir lítið framboð af fræðsluviðburðum frá hendi félagsins.

Athafnir í tölum:



nafngjafir



fermingarbörn



hjónavígslur



útfarir



kolefnisjafnaðir
kílómetrar



Borgaraleg ferming



Borgaraleg ferming

Fermingarfræðsla

Siðmennt hefur boðið upp á borgaralegar fermingar fyrir ungmenni í yfir þrjátíu ár, en fyrsta borgaralega fermingin var 1989. Markmið borgaralegrar fermingar er að styrkja sjálfsmynd, metnað og uppbyggilegt hugarfar. Fermingarfræðslan miðar að því að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglunga til lífsins og búa þeim dýrmætt veganesti til framtíðar. Ungmennin sækja ýmist 11 vikna námskeið eða helgarnámskeið þar sem farið er yfir ýmis viðfangsefni er miða að því að dýpka þekkingu þeirra og skilning á ofantöldum atriðum.

Í ár voru 646 börn sem sóttu fermingarfræðsluna sem er fjölgun um 69 börn frá árinu áður. Frá árinu 2015 hefur fjöldi barna sem tekur þátt í borgaralegri fermingu rúmlega tvöfaldast. Fræðslan fór fram í Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ, Selfossi, Egilsstöðum og Akranesi og því ljóst að starfið hefur byggst upp víðsvegar um landið. Einnig býður Siðmennt upp á fjarnám fyrir börn sem búa erlendis eða geta ekki sótt staðarnám og voru þau 26 talsins í tveimur hópum.

Innleiðing nýrrar námsskrár í húmanískri fermingarfræðslu

Á árinu var farið í heildarendurskoðun á námsskrá og fyrirkomulagi fermingarfræðslu, sem svo fór í innleiðingu á vormánuðum 2022. Leiðbeinendur í borgaralegri fermingu tóku þátt í stefnumótunarferli ásamt lykilmálki úr forystu Siðmenntar, þar sem viðfangsefni fermingarfræðslu fyrr og nú voru kjörnuð og meginlínur mótaðar. Svo tók skrifstofa Siðmenntar við keflinu og mótaði áfram námsskrána sem er fyrsta heilstæða námsskrá fermingarfræðslu Siðmenntar sem formlega er gefin út. Námsskráin byggir á fjórum meginstöðum, sem lagt er upp með að verði kenndar í þeirra röð sem þær eru listaðar upp. Þannig sé ákveðinn stígandi í fræðslunni. Þá voru einnig gerðar talsverðar breytingar á fyrirkomulagi fermingarfræðslunnar til að höfða betur til ólíkra þarfa fermingarbarnanna, en þær breytingar verða innleiddar vorið 2022.

Kennsluráð

Kennsluráð var skipað haustið 2020 og starfaði út vorið 2021. Helstu verkefni ráðsins voru að sjá um mótun námsefnis og námskrár, auk þjálfunar leiðbeinenda. Í ráðinu störfuðu: Unnur Hjaltadóttir, Stefanía Pálsdóttir og Karl Ólafur Hallbjörnsson. Við ráðningu Eydísar Blöndal í tímabundið starf, tók hún að mestu yfir störf kennsluráðs, en framtíðarfyrrkomulagið er óráðið.

Leiðbeinendur

Leiðbeinendahópurinn samanstendur af fjölbreyttum einstaklingum með þekkingu í hinum ýmsu viðfangsefnum fræðslunnar og reynslu af því að vinna með ungmennum.

Leiðbeinendur í fermingafræðslu 2021

Adam Lárus Sigurðsson
Alexandra K. Ægisdóttir
Arnar B. Einarsson
Áslaug Guðný Unnarsdóttir
Ástrós Anna Klemensdóttir
Birna Stefánsdóttir
Bjarni Halldór Janusson
Elsa Björg Magnúsdóttir
Eydís Blöndal
Fönn Hallsdóttir
Friðrik Bjartur Magnússon
Guðrún Vala Elísdóttir
Heiða Vigdís Sigfúsdóttir
Hólmfríður Þórisdóttir
Ingibjörg Sædís
Jónatan Sólon Magnússon
Karl Ólafur Hallbjörnsson
Katrín Pálmadóttir
Kristín Helga Schiöth
Margrét Gauja Magnúsdóttir
María Elísabet Bragadóttir
Snorri Björnsson
Unnur Hjaltadóttir
Valgerður Dögg Jónsdóttir
Vigdís Hafliðadóttir

Nýja námskráin í hnotskurn

Meginstoðirnar fjórar

Stoðirnar í hinni nýju námskrá eru fjórar, og nálgast hver og ein þeirra hin ýmsu sambönd sem einstaklingar eiga í í gegnum lífið.

Fyrsta stoðin er stofninn – þar sem rannsakað er samband okkar við grundvöll tilverunnar og farið er yfir þær grundvallarspurningar sem leggja grunninn að fjölbreyttum viðfangsefnum fermingarfræðslunnar. Þessar spurningar snúa að tilkomu jarðlegrar tilvistar okkar og tilgangi hennar, sem og að því hvernig við getum skapað okkur jákvætt og uppbyggilegt viðhorf til lífsins.

Önnur stoðin er sjálfið – sem skoðar samband okkar við okkur sjálf. Fjallað er um hvernig hægt er að efla það samband og um mikilvægi þess að það sé heilbriggt og jákvætt. Umræðuefni eru tilfinningar, sjálfsmynd og sjálfsvirðing, kynvitund og kynferði. Sömuleiðis er farið yfir hvað mótar sjálfsmyndina og hvernig sú mótun hefur áhrif á heimsmynd okkar og gildi.

Þriðja stoðin er samfélagið – sem spyr sig spurninga um samband manna á milli. Hvernig myndast samfélög og virka með ólíkum einstaklingum með öll sín einstöku sjónarhorn, hvernig birtast okkar persónulegu gildi í samskiptum við annað fólk, og hvernig leggja þau grunninn að sameiginlegum skilningi samfélagsins á siðferði og réttlæti. Fjallað verður um lýðræði, fjölmenningu, rasisma, kynjafræði, mannréttindi, fjölmiðlalæsi og fleira.

Seinasta stoðin er samhengið – stoð sem fjallar um samband mannsins við umhverfi sitt. Til umfjöllunar verður meðal annars dýrasiðfræði og loftslagsmál, og er nálgast þessi viðfangsefni út frá hugmyndum um mannmíðjuhyggju og náttúruhyggju, þ.e.a.s. hver hugræn sýn mannsins er á umheiminn – trónir hann á toppnum eða er hann hluti af stór samhangandi kerfi? Með þessari umfjöllun verður hringnum lokað þar sem þessar spurningar leiða aftur á byrjunarreit: hver er tilgangurinn og merking tilvistar okkar hér á jörðinni?



Fjórar meginstoðir húmanískrar fermingarfræðslu



Stofninn

Samband
okkar við
grundvöll
tilverunnar



Sjálfíð

Samband
okkar við
okkur sjálf



Samfélagið

Samband
okkar á
milli



Samhengið

Samband
okkar við
náttúruna og
umheiminn

Athafnir árið 2021

Fermingarathafnir

Faraldurinn setti brag sinn á fermingarathafnirnar, sem áttu að fara fram á vormánuðum. Með örskömmum fyrirvara þurfti starfsfólk Siðmenntar að færa athafnir, gera viðbragðsáætlanir og reyna að spá til um framtíðina, sem fáum hefur tekist. Til að setja ekki öll egginn í sömu körfu var boðið upp á athafnir í júní og ágúst líkt og 2020, sem reyndist ágætis spá um þróun faraldursins. Foreldrar og fermingarbörn sýndu breytingunum mikinn skilning enda ágætis reynsla komin á viðbrögð frá árinu áður.

Árið 2021 voru 18 athafnir á níu stöðum víðsvegar um landið. Lágmarksfjöldi fermingarbarna til að athöfn sé haldin í heimabyggð eru þrjú börn, en félagið lítur á það sem mikilvægan lið í því að styrkja stöðu húmanista um allt land, að þjónusta félagsfólk og fermingarbörn í sinni heimabyggð. Það er því alltaf ánægjulegt þegar nægilegur fjöldi fermingarbarna á stöðum eins og á Ísafirði, Húsavík og Austurlandi veldur því að hægt sé að halda sérathafnir heima í héraði.



Bæjarfélag	Athafnarstaður	Dagsetning	Ræðumaður
Akranes	Tónberg	18. apríl	Jasmin Vajzovic Crnac
Akureyri	Hofi	5. júní	Kristín Elva Viðarsdóttir
Garður	Gerðaskóli	16. maí	Inga Auðbjörg Straumland
Fáskrúðsfjörður	Skrúður	29. maí	Inga Auðbjörg Straumland
Húsavík	Sjóminjasafnið	5. júní	Arnþór Þórsteinsson
Ísafjörður	Tónlistarskólinn	22. maí	Inga Auðbjörg Straumland
Reykjanesbær	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	22. ágúst	Fida Abu Libdeh
Reykjavík	Háskólabíó	20. og 21. mars	Bergrún Íris Sævarsdóttir Aldís Amah Hamilton
Reykjavík	Borgarleikhúsið	19. júní	Gógó Starr
Reykjavík	Harpa	15. ágúst	Páll Óskar
Selfoss	Fjölbrautaskóli Suðurlands/ Hótel Selfoss	16. maí og 12. júní	Benedikt Karl Gröndal



Alþjóðastarf og viðburðir

Alþjóðastarf

Alþjóðastarf var með lágstemmdu sniði árið 2021 vegna heimsfaraldursins, en tæknilegar lausnir leystu þó ýmsar áskoranir. Það sem helst ber að nefna í alþjóðasamstarfi húmanista á árinu eru umræður er varða Evrópusamtök húmanista (EHF). Sviptingar urðu í forystu félagsins á árinu og ákveðið hefur verið að skoða möguleika á því að EHF gangi inn í Humanists International - heimssamtök húmanista, með það að markmiðið að gera starfsemi húmanista í Evrópu markvissari og faglegri. Ferlið er enn í mótun og það verður forvitnilegt að sjá hvað það leiðir í ljós. Þá hefur Siðmennt tekið að sér að halda Heimsping húmanista í Kaupmannahöfn 2023, í samstarfi við norrænu systurfélögin og unnið var að undirbúningi þess á árinu.

Aðalfundur EHF


Vegna heimsfaraldursins fór aðalfundur Evrópusamtaka húmanista fram í fjarfundi 29. maí 2021. Aðalmál fundarins var tillagan um að EHF verði deild innan heimssamtaka húmanista. Flestir þátttakendur voru jákvæðir fyrir breytingunum og var lagt til að málið yrði sett í nefnd og skoðað ásamt öðrum hagsmunaaðilum. Fulltrúi Siðmenntar var Sveinn Atli Gunnarsson, varaformaður.

Aðalfundur Humanists International

Aðalfundur Heimssamtaka húmanista fór fram í fjarfundi í 15. ágúst 2021. Fulltrúi félagsins var Sveinn Atli Gunnarsson, varaformaður.

Samnorrænn fundur og fundur fagráðs vegna Heimspings húmanista

Fulltrúar samtaka húmanista á Norðurlöndum hittast alla jafna einu sinni á ári á samráðsfundi og þrátt fyrir áskoranir heimsfaraldurs gekk upp að hittast á árinu, en fundurinn fór fram í Kaupmannahöfn 16. og 17. október. Fundarhelgin var samnýtt sem skipulagsfundur fyrir heimsping húmanista, sem Siðmennt tekur þátt í að undirbúa eins og



Formenn norrænu húmanistafélaganna fimm

áður segir. Heimspingið fer fram 3. - 6. ágúst 2023 í Kaupmannahöfn. Heimspingið er alla jafna haldið á þriggja ára fresti en féll niður árið 2020 vegna heimsfaraldursins.

Fulltrúar félagsins á fundinum í Kaupmannahöfn voru þau Inga Auðbjörg Straumland, formaður, Siggeir F. Ævarsson, framkvæmdastjóri og Sveinn Atli Gunnarsson, varaformaður.


Viðburðir

Fjölskyldudagur á Klambratúni

Annað árið í röð var blásið til fjölskyldufagnaðar á Klambratúni. Boðið var upp á grillaðar pulsar og bursur, hoppukastalinn var á sínum stað og þá mætti Lalli töframaður og skemmti gestum ásamt leikhópnum Flækju.

Þingsetning

Hefð hefur skapast um að bjóða þingheimi upp á athöfn í tilefni að þingsetningu, sem valkost meðfram messu í Dómkirkjunni sem markar upphaf þingsetningar. Óvissa í kringum kosningaúrslit gerði það að verkum að erfitt var að undirbúa viðburðinn þetta árið, en með snarræði tókst þó að bjóða þingfólki til athafnar í Iðnó þann 23. nóvember. Bjarni Snæbjörnsson, athafnastjóri og leikari, flutti



Bjarni Snæbjörnsson, athafnastjóri, fjallar um hinseginleikann í texta og söng. Axel Ingi Árnason, lagahöfundur, mænir á hann.



Lalli töframaður heillaði blaut börn upp úr stígvélunum á fjölskyldudegi Siðmenntar á Klambratúni.

hugvekju í bland við söngatriði. Hugvekja Bjarna var unnin upp úr sjálfsvæisögulegu leikriti sem hann frumflutti á árinu, sem ber nafnið Góðan daginn, faggi, og fjallar um hinseginleikann, sjálfshatur og sjálfást.

Þingsetningin var í fyrsta sinn send út á streymi, svo fleiri megi njóta. Upptöku er að finna á [Youtube](#).

Vísindaferðir

Heimsóknir háskólanema til félagsins kallast „vísindaferðir“ en í þessum ferðum býður Siðmennt nemendafélagunum að þiggja veitingar og fræðast um starfsemi félagsins og húmanisma. Oft skapast mjög góðar umræður og hafa bæði fulltrúar Siðmenntar og nemendur gagn og gaman af þessum fundum. Líkt og í fyrra setti heimsfaraldurinn stórt strik í skipulag þessara ferða og aðeins nemendur í heimspeki náðu að heimsækja okkur þetta árið.

Siðmennt tekur jákvætt í allar beiðnir sem félaginu berast og mun halda þessari starfsemi áfram.

Visitasiur


Stjórn Siðmenntar ákvað að leggja land undir fót á vormánuðum og fara í svokallaðar „visitasiur“ út á land í tengslum við fermingarathafnir. Alls var farið í þrjár slíkar ferðir, fyrst vestur á Ísafjörð, svo austur á firði og að lokum var það Norðurlandið sem var heimsótt. Fulltrúar úr stjórn og starfsliði skiptu þessum ferðum með sér, stóðu fyrir barsvörum, þar sem þemað var Húmanismi, hamfarir, heimspeki og helgispjöll, og aðstoðuðu svo athafnastjórana á staðnum við framkvæmd fermingarathafna. Er það mál manna að þessar heimsóknir hafi verið vel heppnaðar og mikilvægar til að efla samband Siðmenntar við landsbyggðina. Þá tóku fulltrúar úr stjórn einnig þátt í fermingarathöfnum í nærsveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins á suður- og vesturlandi.





Húmanismi um allt Ísland

Myndir úr visitasíum stjórnar á vordögum 2021



Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi



Starfsemi félagsins

Aðgengisstefna innleidd

Stjórn Siðmenntar samþykkti á árinu aðgengisstefnu, er varðar aðgengi fólks, óháð fötlun, íslenskukunnáttu eða búsetu að starfi félagsins. Í stefnunni er margt að finna sem við höfum þegar tileinkað okkur í starfi Siðmenntar, en með því að hafa formlega stefnu um aðgengismál viljum við gera enn betur og vera leiðandi félag þegar kemur að aðgengismálum.

Markmið Siðmenntar með stefnunni eru:

- Að húmanistar á Íslandi hafi aðgengi að veraldlegum valkosti í athafnaþjónustu, óháð búsetu.
- Að fötlun eða íslenskukunnátta hindri ekki aðgengi fólks að viðburðum félagsins eða tækifærum innan þess.
- Að vera til fyrirmyndar í aðgengismálum.

Helstu breytingar á starfi Siðmenntar með innleiðingu stefnunnar snúa að aðgengi að túlkjaþjónustu (á táknmáli og ensku), fulla niðurgreiðslu ferðakostnaðar við athafnir félaga í þeirra heimabyggð og ákvæði um aðgengismál á viðburðum. Með þessum breytingum vonumst við til að starfsemi og þjónusta Siðmenntar verði aðgengilegri fyrir fjölbreyttari þjónustuþega og félaga en áður.

Bókasafn Vantrúar og Siðmenntar

Vorið 2016 höfðu félagar í Vantrú samband við skrifstofu Siðmenntar og vildu kanna áhuga félagsins á að hýsa bókasafn Vantrúar. Sökum plássleysis á Túngötunni gat Siðmennt ekki tekið á móti safninu, sem sat í kjölfarið niðurpakkað í geymslu og safnaði ryki. Eftir að félagið flutti í Skippholtið var ákveðið að dusta rykið af þessu samvinnuverkefni en bókasafnið er nú aðgengilegt á skrifstofu Siðmenntar. Félagar geta fengið bækur að láni en einnig er velkomið að setjast niður í sófann, fá sér einn kaffibolla og blaða í bók.

Um leið og við tókum á móti og flokkuðum safnið bættum við bókum úr safni Siðmenntar í púkkið og telur safnið yfir 300 titla. Er þetta bækur úr öllum mögulegum áttum, þó flestar fjalli vissulega um trúmál, efahyggju og tengd málefni.

Jólahugvekja

Líkt og undanfarin ár flutti Siðmennt jólahugvekju á X-inu 977 kl. 18:00 á aðfangadag. Hugvekjuna 2021 flutti Margrét Gauja Magnúsdóttir athafnastjóri og tæklaði þar hluti eins einmannaleika og andlega heilsu á tímum heimsfaraldurs.

Hugvekja Margrétar Gauju er [aðgengileg á vef Vísis](#).

Greinar og erindi

Umsagnir

Siðmennt einsetur sér að senda inn umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur er varða starfsemi Siðmenntar, veraldlegt samfélag, mannréttindi og kjarnagildi félagsins. Árið 2021 sendi Siðmennt inn 2 umsagnir til Alþingis:

Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla).

Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (aldur hjónæfna, könnunarmenn o.fl.).

Greinar

Fulltrúar félagsins létu að sér kveða í opinberri umræðu.

Framkvæmdastjóri og formaður lentu í ritdeilum við biskupsritara.

Formaður skeggræddi um sóknargjöld, og framkvæmdastjóri um kirkjujarðarsamkomulagið svokallaða.

Greinar ársins má lesa hér:

[Jú það er komið nóg](#) - svargrein formanns við yfirlýsingum biskupsritara

[Kirkjujarðasamkomulagið](#) - Sannarlega óhagstæðustu samningar Íslandssögunnar - Grein eftir framkvæmdarstjóra félagsins

[Að sá efasemdarfræjum í umræðunni til að afvegaleiða hana](#) - Grein eftir framkvæmdastjóra

[Allt sem þú vissir ekki um sóknargjöld](#) - Grein eftir framkvæmdastjóra

[Þú hlýtur nú að trú á eitthvað](#) - Grein eftir formann

Bréf til þingfulltrúa

Stjórn Siðmenntar endurvakti fornan sið á árinu þegar við skrifuðum þingheimi opið bréf. Þar er farið yfir þau atriði sem félaginu þykir ástæða til að setja á oddinn við umræðu og mótun lagaumhverfis á landinu, er varðar trúfrelsi og veraldlegt samfélag.





Fjármál

Fjármál

Fjárframlög frá ríkinu

Fjárhagslegur rekstrargrundvöllur Siðmenntar styrkist frá ári til árs eftir því sem félögum fjölga og hlutdeild félagsins í sóknargjöldum ríkisins stækkar. Sóknargjöld ársins 2021 voru 48.046.730 en voru 38.885.850 árið 2020 til samanburðar.

Fjárhagslega staða félagsins er áfram mjög jákvæð og annað árið í röð er hagnaður af rekstri rúmar 5 milljónir, þrátt fyrir að athafnaþjónustan sé niðurgreidd um tæpar 2 milljónir í formi afsláttar til félaga, og aukinn kostnað við borgaralega fermingu vegna ráðstafanna sem tengjast heimsfaraldri.

Aðrar tekjur

Stærsti einstaki tekjuliður félagsins kemur í gegnum borgaralega fermingu, en voru tekjur af henni tæpar 29 milljónir síðastliðið ár. Á móti kemur umtalsverður kostnaður og árið 2021 varð annað árið í röð töluverður kostnaðarauki vegna covid ráðstafanna. Illa gekk að fá leigt húsnæði undir kennslu og liggur mestur kostnaðaraukinn þar. Alls nam kostnaður vegna borgaralegra ferminga árið 2021 29.539.745 en þegar tekið er tillit til launakostnaðar skrifstofu vegna ferminga er tap ársins af borgaralegum fermingum 11.899.808. Af þessu má sjá að sóknargjalda nyti ekki við þyrfti að gera umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi borgaralegra ferminga, bæði gjaldskrá og skipulagi vinnu sem unnin er af starfsfólki félagsins.

Góður kippur upp á við varð í athafnaþjónustu, þá sérstaklega giftingum, sem tóku væna dýfu í heimsfaraldri covid 19. Erlendum giftingum hefur fjölgað hratt á ný en félagið greiðir þó enn töluvert með athafnaþjónustunni, enda njóta félagar ríflegra afsláttarkjara af sínum athöfnum.

Alls voru tekjur ársins 96.085.124 samanborið við 69.756.112 árið 2020. Skýrist þessi vöxtur fyrst og fremst annars vegar af hækkun sóknargjalda og auknum tekjum af athafnaþjónstu hins vegar.

Helstu kostnaðarliðir

Stærsti kostnaðarliður ársins er borgarleg ferming, alls 29.539.745, sem eins og áður sagði er rekin með umtalsverðu tapi og raunar niðurgreidd með sóknargjöldum. Laun og launatengd gjöld voru 28.787.467 samanborið við 21.605.806. Skýrist sú hækkun af því að félagið réð tímabundið til sín nýja starfsmenn, sem og almennum launahækkunum.

Góðgerðamál

Alls voru greiddar tæplega 1,2 milljónir í styrki á árinu. Siðmennt styrkti söfnun Rauða krossins vegna náttúruhamfara á Seyðisfirði um 200.000, Hinsegin daga um 150.000 og Ofbeldisforvarnaskólann einnig um 150.000. Í tengslum við aðventutónleika félagsins runnu 100.000 til Rótarinnar og þá fylgdi 100.000 króna styrkur hvorri viðurkenningu Siðmenntar, sem í ár fóru til Bergsins og Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Á alþjóðavísu styrktum við annað árið í röð COVID-19-sjóð alþjóðasamtakanna Humanists International, um rúmlega 180.000 að þessu sinni

Kolefnisjöfnun

Haustið 2019 var tekin sú ákvörðun að kolefnisjafna starfssemi félagsins aftur í tímann og voru ferðalög fulltrúa kolefnisjöfnuð fyrir árið 2018. Varð úr þá að reyna að kolefnisjafna með eins beinum hætti og mögulegt er. Með því að gefa vatnsdælur til þorpa í þróunarlöndunum má bæta líf kvenna og barna þar sem tíminn sem fer í sækja vatn dregst verulega saman sem hefur jákvæð áhrif á lífsgæði fjölskyldna í þorpunum. Með vatnsdælu fær heilt samfélag aðgang að hreinu vatni, sem bætir lífsgæði íbúa. Börnum gefst auk þess meiri tími til skólagöngu, heimanáms og þess að fá að vera börn og leika sér, sem eykur lífsgæðin enn frekar og losun gróðurhúsalofttegunda minnkar.

Eftir að hafa keypt vatnsdælur í gegnum Sannar gjafir Unicef þrjú ár í röð var ákveðið að endurskoða nálgun Siðmenntar á kolefnisjöfnun og reyna eftir fremsta megni að hafa útreikningana eins nákvæma og unnt er. Reiknast okkur til að kolefnislosun af starfssemi félagsins á árinu 2021 hafi numið 11 tonnum. Ákveðið var að fara með jöfnunina í gegnum vottuð jöfnunarverkefni Sameinuðu þjóðanna, og festa kaupa á hagkvæmum eldavélum fyrir heimili í Kenýa.

Ársreikningar

Bókhaldsfyrirtækið Pálsson og co tók yfir bókhaldsþjónustu Siðmenntar 2019 og hafa unnið ársreikning félagsins í þriðja sinn, og fylgir hann hér á eftir.

Helstu niðurstöður eru að tekjur ársins voru í heild 96.085.124, en gjöld 90.531.236. Þegar fjármagnsgjöld eru reiknuð inn í hagnað ársins nemur hann 5.454.268, samanborið við 5.305.286 árið 2020. Rekstur félagsins er í góðu jafnvægi og hefur okkur tekist að mæta þeim útgjöldum urðu til vegna covid 19 án þess að það hafi haft neikvæð áhrif á reksturinn.

Rekstrarreikningur 2021

Rekstrartekjur	Skýr.	2021	2020
Félagsgjöld	5.	48.046.730	38.885.850
Tekjur af borgarlegri ferminu	6.	29.885.864	21.846.614
Aðrar tekjur	7.	18.152.530	9.023.648
		<u>96.085.124</u>	<u>69.756.112</u>
Rekstrargjöld			
Borgarleg ferming	8.	29.539.745	21.759.023
Aðrar athafnir	9.	20.736.077	11.277.146
Laun og launtengd gjöld	10.	28.784.467	21.605.806
Annar rekstrarkostnaður	11.	11.470.947	9.826.599
		<u>90.531.236</u>	<u>64.468.574</u>
	Rekstrarhagnaður	5.553.888	5.287.538
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		92.423	183.955
Vaxtagjöld		(192.043)	(166.207)
		<u>(99.620)</u>	<u>17.748</u>
	Hagnaður ársins	5.454.268	5.305.286

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2021	2020
Fastafjármunir			
Viðskiptavild		496.000	496.000
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.	9.988.091	6.648.696
	Fastafjármunir samtals	<u>10.484.091</u>	<u>7.144.696</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		5.430.398	1.603.001
Verðbréfaeign		2.107.269	2.059.692
Aðrar skammtímakröfur		13.546	14.395
Handbært fé		29.980.668	20.869.355
	Veltufjármunir samtals	<u>37.531.881</u>	<u>24.546.443</u>
	Eignir samtals	<u>48.015.972</u>	<u>31.691.139</u>

31. desember 2021

Skýringar

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2021	2020
Eigið fé	4.		
Óráðstafað eigið fé		15.504.116	10.198.830
Hagnaður ársins		5.454.268	5.305.286
Eigið fé samtals		20.958.384	15.504.116
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		800.430	317.284
Ógreitt vegna starfsmanna	12.	1.396.020	840.883
Fyrirfram innheimtar tekjur		24.551.751	14.871.574
Aðrar skammtímaskuldir		309.387	157.282
Skuldir samtals		27.057.588	16.187.023

Eigið fé og skuldir samtals	48.015.972	31.691.139
------------------------------------	-------------------	-------------------

1. Upplýsingar um félagið

Síðmennt er einkahlutafélag og er megin starfsemi félagsins fólgin í rekstri lifskoðunarfélags. Lögheimili félagsins er að Skipholti 50c, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir

Viðskiptavild

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði.

Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð óefnislegra eigna við samruna er hinsvegar gangverð á yfirtökudegi. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verða til innan félagsins, annar en eignfærður þróunarkostnaður, er gjaldfærður í rekstrarreikning á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Innréttingar- áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	5.779.319	869.377	6.648.696
Afskrifað alls 1/1	0	0	0
Viðbót á árinu	3.339.395	0	3.339.395
Afskrifað á árinu	0	0	0
Selt og niðurlagt	0	0	0
Bókfært verð 31/12	9.118.714	869.377	9.988.091
Stofnverð alls 31/12	9.118.714	869.377	9.988.091
Afskrifað alls 31/12	0	0	0
Bókfært verð 31/12	9.118.714	869.377	9.988.091
Afskriftarhlutföll	0%	0%	

4. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	15.504.116	15.504.116
Hagnaður ársins	5.454.268	5.454.268
Eigið fé 31/12	20.958.384	20.958.384

Sundurliðanir

	2021	2020
5. Félagsgjöld		
Félagsgjöld innh., ríkissjóð	46.946.730	37.165.850
Félagsgjöld önnur	1.100.000	1.720.000
	48.046.730	38.885.850
6. Tekjur af borgarlegri fermingu		
Borgarleg ferming	29.885.864	21.846.614
	29.885.864	21.846.614
7. Aðrar tekjur		
Gifting	11.920.700	4.739.300
Nafngjöld	1.704.400	1.984.070
Útför	520.000	765.526
Akstur, göng og fl. útselt	3.982.430	1.266.440
Aðrar tekjur án vsk	25.000	5.312
BF Umsýslugjald	0	8.000
Tekjur v/ afmælishátíðar	0	255.000
	18.152.530	9.023.648
8. Borgarleg ferming		
Húsaleiga v. athöfn BF	4.687.771	4.625.374
Húsaleiga v. námskeið BF	3.528.742	851.000
Skirteiniskostnaður BF	664.125	237.162
Kynningarefni og auglýsingar BF	1.255.731	1.197.016
Fræðsla BF	9.746.970	7.918.530
Kennsluráð BF	2.321.202	1.180.000
Ræðumaður BF	330.000	320.020
Ljósmyndari BF	678.340	796.032
Tónlist BF	580.818	547.410
Akstur BF	521.649	192.762
Skreyting á sal BF	504.541	220.900
Annað v. BF	959.984	812.893
Búnaður v. BF	154.172	303.444
Athafnastjórar v. BF	3.605.700	2.556.480
	29.539.745	21.759.023
Niðurstaða af Borgarlegri fermingu:		
Hagnaður / (tap) af Borgarlegri fermingu	346.119	95.591
Hagnaður / (tap) af BF með tilliti til launakostnaðar	(11.899.808)	(7.656.842)

Sundurliðanir

	2021	2020
9. Aðrar athafnir		
Þingsetningarathöfn	675.771	0
Akstur Gifting	3.495.194	1.150.402
Athafnastjórar Gifting	12.816.270	6.926.980
Akstur - Nafngjöf	168.682	81.704
Athafnastjórar Nafngjöf	2.617.300	1.953.600
Akstur útför	94.160	24.244
Athafnastjórar útför	615.800	1.140.216
	<u>20.736.077</u>	<u>11.277.146</u>
Niðurstaða úr athöfnum:		
Hagnaður / (tap) af giftingum	(895.570)	(2.187.680)
Hagnaður / (tap) af nafngjöf	(1.081.582)	30.470
Hagnaður / (tap) af útförum	(189.960)	(374.690)
Hagnaður / (tap) af öðrum athöfnum	(407.271)	0
Hagnaður / (tap) athafnaþjónustu	<u>(2.574.383)</u>	<u>(2.531.900)</u>
10. Laun og launtengd gjöld		
Laun	22.062.550	17.450.791
Bifreiðastyrkir	103.064	0
Dagpeningar	279.327	30.407
Tryggingagjald	1.671.816	1.252.734
Mótframlag í lífeyrissjóð	2.767.406	2.006.842
Mótframlag í séreignasjóð	471.926	270.390
Félagstengd gjöld	559.450	434.869
Námskeið og þjálfun starfsmanna	343.778	19.413
Þjálfun kennara BF	60.000	0
Annar starfsmannakostnaður	445.150	140.360
Athafnastjóranámskeið	20.000	0
	<u>28.784.467</u>	<u>21.605.806</u>

Sundurliðanir

	2021	2020
11. Annar rekstrarkostnaður		
Rekstur áhalda og tækja		
Tölvu- og símabúnaður	432.495	15.975
Áhöld og skrifstofuvörur	139.514	193.027
Rekstur tölvukerfis án vsk	610.961	305.040
Hugbúnaður án vsk	<u>533.545</u>	<u>245.725</u>
	<u>1.716.515</u>	<u>759.767</u>
Skrifstofukostnaður		
Síma og Internetkostnaður	595.725	539.975
Húsaleiga	1.560.000	1.560.000
Burðargjald	28.101	1.435
Auglýsingar	307.877	372.653
Vefsíða	389.000	102.929
Vísindaferðir og kynningarfundir	1.543.253	66.971
Rekstrarvörur og smááhöld	149.519	120.223
	<u>4.573.475</u>	<u>2.764.186</u>
Ráðstefnur, erlent samstarf og annar tengdur kostnaður:		
Ímyndarvinna Siðmenntar	575.016	845.952
Humanistaviðurkenning	32.200	13.400
Erlent samstarf	593.168	50.915
Þátttaka í erlendu samstarfi (aðildargj)	<u>324.554</u>	<u>416.598</u>
	<u>1.524.938</u>	<u>1.326.865</u>
Aðkeypt þjónusta		
Bókhald og reikningsskil	309.535	393.360
Ársreikningur og tilf. kostn.	581.250	301.877
Kostn. v/ yfirerðar SKN	0	296.050
Lögfræðiþjónusta	<u>0</u>	<u>197.811</u>
	<u>890.785</u>	<u>1.189.098</u>

Sundurliðanir

	2021	2020
Sjórnun og umsýsla		
Athafnastjórar - ýmis kostnaður	31.000	0
Athafnastj. fundur	313.687	353.510
Funda og viðskiptakostnaður án vsk	220.470	171.188
Kaffikostnaður skrifstofu	149.665	45.978
Aðalfundur	216.067	210.165
Kostnaður v/ afmælisviðburða	0	941.129
Kolefnajöfnun félagsins	99.180	110.600
Þjóðskrá v. innh. félagsgjalda	95.422	41.801
Þjónustugjöld v. banka og korta	445.144	168.566
Útvarpsgjald	18.300	17.900
	1.588.935	2.060.837
Gjafir og styrkir		
Andrými, COVID sjóður	0	200.000
Unicef	60.000	0
Kvennaathvarf, COVID sjóður	0	400.000
Pieta samtökin, COVID sjóður	0	400.000
Humanist at risk, Mubarak Bala	0	87.205
Humanist International COVID-19 small relief fund	181.299	87.205
Móðurmál, samtök um tvityngi, fræðsluviðurkenning	0	100.000
Stígámót, húmanistaviðurkenning	0	100.000
Aðventutónleikar	135.000	160.000
SOS barnaþorpin - SOS foreldri	0	35.000
Rótin, aðventutónleikar	100.000	0
Rauði krossinn - Seyðisfjörður	200.000	0
Hinsegin dagar	150.000	0
Karolina fund - Ofbeldisforvarnarskólinn	150.000	0
Samtökin 78 - Húmanistaviðurkenning	100.000	0
Bergið - Húmanistaviðurkenning	100.000	0
Aðrar gjafir og styrkir	0	156.436
	1.176.299	1.725.846
Samtals annar rekstrarkostnaður	11.470.947	9.826.599
12. Ógreitt vegna starfsmanna		
Ógreiddur lífeyrissjóður	579.929	351.953
Ógreidd staðgreiðsla	816.091	488.930
	1.396.020	840.883



Siõmennt